



Borgarráð

Umsögn vegna rekstrarleyfis - Drukkstofa Óðins, Flugvallavegi 3

Skrifstofu borgarstjórnar hefur borist umsagnarbeiðni sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags 27. febrúarí 2017 um nýtt rekstrarleyfi fyrir veitingastaðinn Drukkstofa Óðins, Flugvallavegi 3. Sótt er um veitingatíma áfengis til kl. 23.00 alla virka daga og til 01.00 aðfararnætur laugardags og sunnudags og almennra frídaga.

Flugvallavegur 3 er með skilgreinda landnotkun Opið svæði OP2. Öskjuhlíð. Þar eru heimilir gististaðir í flokki I-II en flokkur III er háður heimildum í deiliskipulagi.

Í lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald er fjallað um flokkun veitingastaða í 4. gr. Þar kemur fram að innan flokks II eru umfangslitlir áfengisveitingastaðir þar sem starfsemin er ekki til þess fallin að valda ónæði í nágrenninu, svo sem með háværrí tónlist, og staðir sem kalla ekki á mikið eftirlit og/eða löggæslu. Fyrir endurskoðun laganna var gert ráð fyrir því að veitingastaðir í flokki II væri einungis heimilað að veita áfenga drykki til kl. 23:00 alla daga, en nú er ekki slíkar takmarkanir að finna í lögnum. Í málsmeðferðarreglum borgarráðs um veitinga- og gististaði kemur fram að veitingastaðir í flokki II eru heimilir á verslunar- og þjónustusvæðum, hafnarsvæðum og iðnaðarsvæðum. Heimilt er að takmarka veitingatíma s.s. ef veitingastaður er umlukinn eða í mjög mikilli nálægð við íbúðabyggð. Ef telja verður að starfsemi áfengisveitingastaðar falli ekki að nálægri byggð er heimilt að synja um rekstrarleyfi.

Í ljósi ofangreinds er mælt með því að borgarráð samþykki að veita jákvæða umsögn um lengri opnunartíma í samræmi við fyrirliggjandi umsókn þannig að veitingatími áfengis verði heimilaður til 01.00 aðfararnætur laugardags og sunnudags og almennra frídaga.

Umsögnin er bundin því skilyrði að leyfishafi haldi hreinni lóð og nánasta umhverfi veitingastaðarins, þ.m.t. gangstétt framan við staðinn, og þrifi ávallt að skemmtun lokinni, verði leyfið veitt. Leyfishafi sjái sérstaklega til þess að umgengni á og við útveitingasvæði sé góð, þrifi svæðið og næsta nágrenni þess þegar þörf er á og ávallt þegar útveitingatíma lýkur hverju sinni. Jafnframt er umsögnin bundin fyrirvara um að aðrar umsagnir séu jákvæðar. Loks er hún bundin því skilyrði að komi til þess að borgarráð takmarki heimilaðan veitingatíma áfengis á tilteknum svæðum frekar en nú er, takmarkist veitingatími áfengis skv. leyfinu sem því nemur.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar